



## 57. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra *Fundargerð*

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 29. nóvember 2023 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón Ólafsson, Axel Grettisson, Hilda Jana Gísladóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Pröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Hermann Ingi Gunnarsson boðaði forföll.

*Formaður hóf fundinn á að leggja til að fyrsti og sjötti liður dagskrár yrðu ræddir saman. Var það samþykkt án athugasemda.*

- 1. Tillaga úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra**  
Formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs, Hilda Jana Gísladóttir, greindi frá vinnu úthlutunarnefndar og kynnti niðurstöður nefndarinnar um úthlutun 2024. Alls bárust 123 umsóknir um styrki og heildarupphæð styrkja sem óskað var eftir var rúmlega 208 milljónir króna. Til úthlutunar eru 73.600.000 kr. Einnig sat fundinn undir þessum lið Dána Jóhannsdóttir verkefnastjóri SSNE og var til svara.

*Stjórn SSNE þakkar úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra og starfsfólki SSNE fyrir góða og vandaða vinnu. Stjórn samþykkir tillögu úthlutunarnefndar um úthlutun 2024. Úthlutað verður 73.600.000 krónum úr Uppbyggingarsjóði. Stjórn vekur athygli á að rafræn úthlutunarhátíð verður haldin 13. desember næstkomandi kl. 15.00.*

- 2. Líforkugarðar á Dysnesi**

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra SSNE um stöðu verkefnisins Líforkugarðar á Dysnesi, auk tillögu um skipan stjórnar Líforkugarða ehf en þar er lagt til að haldinn verði aðalfundur í félaginu í desember og nýrri stjórn falið að leiða verkefnið áfram í gegnum næstu skref.

*Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra með áorðnum breytingum og felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir og boða til aðalfundar í félaginu.*

### 3. Drög að samningi um rekstur EIMS

Lögð fram til samþykktar drög að endurnýjuðum samningi um rekstur EIMS. Í drögum er gert ráð fyrir að SSNE taki þátt í reikningsgerð og bókhaldi fyrir verkefnið, auk þess að leggja einnig til skrifstofuaðstöðu fyrir fjóra fasta starfsmenn á starfsstöðvum SSNE. Samtals nemur framlag SSNE allt að 5 milljónum króna á ári.

*Stjórn samþykkir framlögð drög að samningi um rekstur EIMS og felur framkvæmdastjóra að undirrita samninginn fyrir hönd samtakanna.*

### 4. [Bókun vegna stöðu bænda](#)

Stjórn SSNE samþykkti bókun vegna stöðu bænda í tölvupósti þann 3. nóvember síðastliðinn. Bókunin var birt [á heimasíðu SSNE](#) sama dag.

*Stjórn staðfestir bókunina.*

### 5. Þjónusta Póstsins

Rætt um stöðu pósthjónustu í landshlutanum en bæði hefur dregið mjög úr þjónustu, auk þess sem nú á að hætta dreifingu fjölpósts.

*Stjórn SSNE vekur athygli á því að með þessari ákvörðun Póstsins, að hætta dreifingu fjölpósts, er Pósturinn í raun að bregðast lýðræðislegu hlutverki sínu. Með því að hætta dreifingu fjölpósts verður mun erfiðara að koma á framfæri mikilvægum upplýsingum um til að mynda kosningar, sem og öðrum upplýsingum frá sveitarfélagi og ríki til íbúa í dreifðari byggðum landsins.*

*Stjórn SSNE lýsir einnig áhyggjum af því að með áframhaldandi samdrætti í þjónustu muni íbúar landsins ekki sitja við sama borð þegar kemur að aðgengi að vörum og þjónustu í gegnum pósthjónustu. Stjórn SSNE hvetur því til heildarendurskoðunar á hlutverki Póstsins og framkvæmd pósthjónustu í landinu, með þarfi íbúa landsins alls í huga.*

### 6. Tölfræði Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra

Rætt undir fyrsta lið dagskrár um tölfræði úthlutunanna Uppbyggingarsjóðs síðustu ára.

*Stjórn þakkar fyrir kynninguna og felur framkvæmdastjóra að gera gögnin aðgengileg á heimasíðu SSNE.*

### 7. Mál til umsagnar

- [Tillaga til þingsályktunar um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli, mál 127.](#)
- [Frumvarp til laga um Samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, mál 71.](#)
- [Tillaga til þingsályktunar um fjarnám á háskólastigi, mál 72.](#)
- [Frumvarp til laga um Náttúrufraeðistofnun, mál 479.](#)

*Stjórn SSNE tekur undir markmið frumvarpsins sem er að skapa vettvang fyrir kraftmikið fagstarf og árangur. Stjórn SSNE tekur jafnframt undir umsögn sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þar sem lögð er áhersla á mikilvægi Náttúruvannsóknarmiðstöðvar við Mývatn í rannsóknnum á lífríki Mývatns og Laxár sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004 og reglugerð um Náttúruvannsóknastöðina við Mývatn nr. 664/2012 og leggur stjórn SSNE einnig*

áherslu á að starfsemi hennar hafi fast aðsetur í Mývatnssveit og þar sitji forstöðumaður hennar sem leiði rannsóknir samkvæmt lögum og reglugerð þar um.

Þá vill stjórn SSNE benda á að þvert á það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu þá er Náttúrurannsóknarmiðstöðin við Mývatn flutt í nýuppgert húsnæði í Gíg, sem er í eigu ríkisins. Þar er öll aðstaða til rannsókna hin besta, sem og skrifstofuaðstaða. Stjórn SSNE hvetur Alþingi til að nýta tækifærið og efla frekar starfsemi Rannsóknarmiðstöðvarinnar og nýrrar ríkisstofnunar við Mývatn enda er húsnæði og önnur aðstaða til fyrirmyndar með sameiginlegri aðstöðu stofnanna og sveitarfélags í Gíg. Stofnanirnar í Gíg eru Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjóðgarður, Háskóli Íslands, Þekkingarnet Þingeyinga, Hulda náttúruhugvísindasetur ásamt Þingeyjarsveit.

Að lokum leggur stjórn SSNE sérstaka áherslu á að tryggt verði að fastráðnir starfsmenn sem sinna rannsóknum á lífríki Mývatns og Laxár hafi fasta búsetu í sveitarfélaginu og vinni í nánu samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands sem sinnir fjölbreyttum rannsóknum á Norðausturlandi.

- e. [Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, mál 478.](#)
- f. [Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl., 468. mál.](#)

Stjórn SSNE telur nauðsynlegt að endurskoða hugmyndir um afnám tollfrelsis skemmtiferðaskipa og telur heppilegra ef unnin væri stefnumörkun til framtíðar varðandi móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi áður en svo stórar ákvarðanir eru teknar um greinina.

Komur skemmtiferðaskipa skipta miklu máli þegar kemur að rekstri hafna um landið og er ljóst að ef af afnámi tollfrelsis verður muni líklega t.a.m. öll þau litlu skemmtiferðaskip sem heimsækja hafnir víða um Norðurland eystra hætta að sigla á þessar hafnir. Flest þessara skipa sem hér um ræðir eru ný og sennilega með umhverfisvænustu skipunum. Jafnframt eru það fyrst og fremst efnaðir ferðamenn sem ferðast með þessum skipum sem skilja mikið eftir sig. Fjölmargar úttektir hafa sýnt að skemmtiferðaskipin hafa jákvæð áhrif á efnahag svæðisins og er það sérstaklega mikilvægt fyrir brothætt svæði eins og t.a.m. Grímsey og Hrísey en báðar eyjarnar hafa verið að taka á móti þessum skipum í auknum mæli síðustu ár.

Þá bendir stjórn SSNE á mikilvægi þess að við fyrirhugaðar breytingar á gistináttaskatti verði tryggt að hann renni til sveitarfélaga líkt og fram hefur komið í stjórnarsáttmálum síðustu tveggja ríkisstjórna.

Stjórn SSNE vill að lokum benda á að skemmtiferðaskipin eru sá hluti ferðapjónustunnar sem hvað best dreifir ferðamönnum um landið og því ljóst að frumvarpið vinnur beinlínis gegn stefnu stjórnvalda um jafnari dreifingu ferðamanna um landið.

## 8. Mál til kynningar

- a. [Fundargerð 936. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- b. [Þátttaka í verkefni um kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs.](#)

## 9. Önnur mál

- a. Vinnufundur stjórnar og starfsmanna.  
*Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði á dagskrá vinnufundar stjórnar og starfsmanna SSNE sem haldinn verður 6. desember næstkomandi.*
- b. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.  
*Framkvæmdastjóri greindi frá því sem helst hefur verið á baugi hjá SSNE frá síðasta stjórnarfundum.*
- c. Skuld SSNE við Vegagerðina vegna almenningsamgangna.  
*Framkvæmdastjóri greindi frá því að borist hefði staðfesting á því frá Vegagerðinni að komið hafi verið til móts við landshlutasamtökin og að samtökin beri nú enga skuld hjá Vegagerðinni. Stjórn SSNE fagnar því að nú sé þessu máli loks lokið.*

Fundi slitið kl. 14:55.